

— Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um gufuskipsferðir. — Eptir að ráðgjafinn hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi frá 26. nóv. f. á. var stjórn hins sameinaða gufuskipafjelags send uppástunga til ferðaáætlunar fyrir gufuskip þau, er gánga eiga milli Kaupmannahafnar, Leiths, Færeyja og Íslands árið 1881, og var í henni tveimur sumarferðum póstgufuskipsins Phönixar komið fyrir á þann hátt, að Reykjavík var sá staður, sem skipið átti fyrst að koma á og síðast fara frá á Íslandi, svo að alþingismennirnir bæði gátu tekið sjer far með skipinu til alþingis og heim til sín aptur, en hinsvegar strandferðir skipsins ekki takmörkuðust að neinu fyrir það, sömuleiðis var þar einnig tekið tillit til aðalatriða þeirra, sem þjer höfðu tekið fram í fyrnefndu brjefi yðar. Eptir að gufuskipafjelaði hafði eins og sjá má af meðfylgjandi brjefi<sup>1</sup> fallizt á fyrtjæða uppástungu með 2 óverulegum breytingum, hefir ráðgjafinn samþykkt hina þannig breyttu ferðaáætlun.

Hið framanskráða er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, um leið og hjer við leggjast nokkur prentuð exemplör af tjedri ferðaáætlun, sem og af skrá þeirri, sem samín hefir verið yfir flutningseyri farþega.

#### ALÞINGISMANNAKOSNINGAR.

Hinn 1. dag septembermánaðar 1880 í Reykjavík yfirkennari Halldór K. Friðriksson R. D. með 80 atkvæðum af 84, er á kjörfundinum voru greidd;

7. s. m. í Skagafjarðarsýslu hreppstjóri Friðrik Stefánsson með 78 og landritari Jón Jónsson með 59 af 108 atkvæðum;

10. s. m. í Eyjafjarðarsýslu sira Arnljótur Ólafsson og dannebrogismaður Einar Ásmundsson á Nesi, hvor um sig með 80 atkvæðum;

13. s. m. í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu kaupmaður Holger P. Clausen með 133 af 194 atkvæðum.

S. d. í Sudurmúlasýslu kaupstjóri Tryggvi Gunnarsson með 37 og ritstjóri Jón Ólafsson með 27 af 43 atkvæðum;

1) Í brjefi þessu, sem hið sameinaða gufuskipafjelað hefir ritað ráðgjafanum fyrir Island 30. desbr. 1880 segir svo:

Með brjefi ráðgjafans frá 23. þ. m. meðtókum vjer ferðaáætlun yfir gufuskipaferðirnar milli Danmerkur og Íslands árið 1881, sem vissulega er talsvert öðruvísi, en vjer höfum lagt til; en samt sem áður föllumst vjer á frumvarp það, er oss hefir verið sent, með þeim breytingum, sem nú skal greina.

1. Vjer ætlum það með öllu ótíltækilegt að gjöra Borðeyri að komustað skipanna, fyr en búð er að fá uppdrátt yfir innsiglinguna þar, svo að sagt verði með vissu, hvort þangað verði komizt án þess að stofna sjer í allt of mikla hættu, og því verðum vjer að vera fastir á því, að Skagatrönd sje sett í ferðaáætlunina í staðinn fyrir Borðeyri.

2. Það er og alsendis óráðlegt að láta Fönix koma við á Berufirði á ferð þeirri, er byrjar í Reykjavík 7. júní, og er einkum enginn tími afgangs til þessa, því það er ákveðið, að skipið skuli hefja heimferð sína frá Seyðisfirði, daginn eptir, að það kemur þangað, 17. júní; og vjer verðum þess vegna einnig að fara fram á, að skipið komi ekki við á Berufirði í þessari ferð.

Það ætti að reyna að haga strandsiglingunum umhverfis Island, þannig að þær yrðu svo reglubundnar sem framast er auðið, og því er undanfærsla vor frá að láta skip koma við á Borðeyri og á Berufirði á nefndri ferð byggð á því, að koma skipsins á þessa 2 staði efalaust myndi eptir því, sem þar til hagar, orsaka þá miður óskilega óreglu eða óvissu á ferðum skipsins, sem hingað til hefir orðið komizt hjá, og hvorki væri ákjósanleg fyrir almennung, póststjórnina á Íslandi nje fyrir hið háa stjórnarráð.

Að öðru leyti höfum vjer að eins breytt á ýmsum stöðum einstöku burtfarar tímum, sem nemur 1. eða 2. dögum, og er það nauðsynlegt af ýmsum ástæðum, og með því vjer búumst við, að hið háa stjórnarráð muni fallast á, að hið framanskráða sje á góðum rökum byggð, látum vjer nú prenta ferðaáætluna þannig, að hún verði send með Fönix hjedán 15. janúar næstkomandi.